

# Hallarlíf.

## Brot.

... Höllin sjálf er reist á ýmsum tímum, ýmsir hlötur hennar; eru þar vígskörð í múrbrúnum og skotaugu í veggjum, sem höllin er elzt, og gluggar mjög litlir. En það er yngst er hallarinnar, þá gælir þar meira glæpilis<sup>1</sup> en grjótveggja, og má af því marka að nú er öldin önnur. En þó er það herskátt kyn, er höllina byggir enn á vorum tímum.

Sverð hangir þar á salarvegg, mikið og biturlegt, og eru úr silfri hjöltun og meðalkaffi; en af silfurhjaltnu er þessi saga: Hallarmaður herjaði ungur sjer til frama austur á landi, og þá varð það í einum bardaga, að hann fékk sverðshögg á höndina meðan við oluboga svo að af tók; en ekki kunní frá tíðindum að segja sá er verkið vann, því að sá er næstur gekk hallarmanni, hjó þann til bana, og tók af honum sverðið dauðum; var það hið bezta vopn og gaf hann það síðan þeim er svo sárt hafði fengið að kenna á biturleik þess.

Þar var í höllinni sonur þess, er mist hafði höndina, og er hann manna mestur vexti og svo mikill rómurinn yfir málinu, að líkast er sem heyri óm af trumbum í fjarska. Þegar hann talar; allra manna var hann hermannlegastur og er það sízt furða, þar sem hann er að föðurætt af hermönnum kominn og hálftröllum. Sjálfur er hann nær höfði hærri en þeir menn er stórir eru kallaðir; hærri hafði þó verið faðir hans, sem áður var af sagt, en laugafinn mátti vel nefnast hálftröll, því að hann hafði verið enn þá meiri vexti einhöndungnum og syni hans. Afinn var aldavinur „járnhertogans“<sup>2</sup> og gat sér mikinn orðstír með framgöngu sinni á Spáni, móli köppum Napóleons

.....  
*Helgi Pjetursson.*

<sup>1</sup>) Ráðuglers.

<sup>2</sup>) Wellingtons.

Súgaður 1904